




Borgarráð

***Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um flutning ljósastaur við Vonarstræti
- R17020209 - umsögn USK***

Á fundi borgarráðs 2. febrúar sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að ljósastaur við Oddfellowhúsið við Vonarstræti verði færður í því skyni að bæta aðkomu fatlaðra og hreyfihamlaðra að hjólastólabraut við aðalinngang hússins. Sjá mynd að neðan.



Yfir 6 metrar eru frá ljósastaurnum að skábraut við Oddfellowhúsið. Handan götunnar, við ráðhúsið, eru stæði þar sem hægt er að stöðva í stuttan tíma og hleypa út farþegum sem geta þverað götuna á upphækkaðri gönguleið. Ljósastaurinn stendur við mikilvæga gönguleið yfir Vonarstræti sem leiðir vegfarendur beint að aðalinngangi ráðhúss Reykjavíkur. Gönguleiðin er upphækkuð og fyrirhugað er að merkja hana sem gangbraut með formlegum hætti. Góð lýsing við gönguleiðina er öryggismál. Með uppbyggingu á alþingisreitnum vestan Oddfellowhússins eykst mikilvægi gönguleiðarinnar sem verður meginleið milli Ráðhússins og Austurvallar. Sjá skjáskot af deiliskipulagsupprætti að neðan.



Flutningur umrædds ljósastaur er að mati USK óæskilegur af ofangreindum og fleiri ástæðum.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri

